

## Fundargerð aðalstjórnar Ungmennafélags Grindavíkur

Fundurinn var haldinn í Gjánni og hófst kl. 17:30 mánudaginn 19. Sept. 2022.

Mættir sjórnarmenn:

Klara Bjarnadóttir , Gunnlaugur Hreinsson, Kjartan Fr. Adolfsson , Bjarni Svavarsson og  
Ásgerður H Karlsdóttir

Mættur starfsmaður

Jón Júlíus Karlsson framkvæmdastjóri

1. Knattspyrnudeild óskar eftir því að halda auka aðalfund og er það samþykkt.  
Verður fundurinn haldinn 29. September 2022
2. Ákveðið var að fresta formannafundi til 7. Okt. kl 18:00 og bjóða upp á pizzur og drykki.
3. Jón Júlíus og Klara fóru á fund með íþróttá og tómsundaráði um uppbyggingu íþróttasvæðisins og var ákveðið að hafa í forgang að setja gervigras á aðalvöllinn, flóðlýsingu og vökvunarkerfi.
4. Þorleifur Ólafsson (Lalli) kom fyrir hönd kkd. vegna aðstöðunnar sem þau eru að fá fyrir lyftingar og styrktarþjálfun í gamla anddyrinu og bar það upp hvort UMFG mundi vera yfir aðstöðunni og kosta hluta tækjanna.  
Ákveðið var að Lalli tali við Helga Jónas til að fá upplýsingar um hvaða tæki eru nauðsynlegust og ath hver kostnaður yrði.
5. Unglingaráð körfuknattleiksdeildar óskar eftir að fá að sækja um sér kennitölu.  
Ákveðið var að hitta gjaldkera og formann unglíngaráðs á fundi og ræða þetta mál.

Meira var ekki rætt fundi slitið kl 20.00